



Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga

## Reglugerð fyrir kjör íþróttamanns UDN (frá 1997)

1. gr.

Í Janúar ár hvert skal kjósa þann íþróttamann innan UDN sem bestan árangur hefur þótt sýna í íþróttum það árið.

2. gr.

Atkvæðisrétt eiga stjórnarmenn UDN og formenn íþróttanefnda UDN, auk þess fer stjórn hvers félags með eitt atkvæði. Varamenn taka sæti stjórnarmanna í forföllum þeirra svo sem við önnur stjórnunarstörf og formenn íþróttanefnda geta tilnefnt menn í sinn stað geti þeir ekki tekið þátt í kosningunni. Kosið skal samkvæmt 4.gr. þessarar reglugerðar. Hverri íþróttanefnd og stjórn HÍG og Golfklúbbs Búðardals er heimilt að tilnefna 1-5 einstaklinga til kjörs, raðað eftir starfrófsröð og láti fylgja greinargerð um árangur viðkomandi á árinu fyrir 10. janúar. Þá hefur stjórn UDN einnig heimild til að tilnefna fyrir hönd þeirra ráða sem ekki senda inn tilnefningar svo og þeirra einstaklinga sem keppa fyrir þær íþróttagreinar sem eru utan kjörinna íþróttaráða UDN. Tilnefningar eru ekki bindandi. Tilnefningar skulu sendar ásamt kjörseðli til þeirra sem atkvæðisrétt hafa og skili þeir kjörseðlum í lokuðu umslagi á skrifstofu UDN fyrir 1. febrúar, geti þeir eða varamaður ekki mætt á kjörfund.

3. gr.

Þeir sem kosningarétt hafa samkvæmt 2. gr. skulu kjósa leynilegri kosningu 5 menn. Sá sem settur er nr. 1 hlýtur 5 stig, nr. 2 hlýtur 4 stig, nr. 3 hlýtur 3 stig, nr. 4 hlýtur 2 stig og nr. 5 hlýtur 1 stig.

4. gr.

Heimilt er að kjósa hvern þann íþróttamann sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

- a) Er félagi í einhverju aðildarfélagi UDN
- b) Keppir í íþrótt sinni fyrir UDN eða aðildarfélag þess og hefur sýnt þróðmennsku og háttvísi jafnt innan vallar sem utan.
- c) Viðkomandi þarf að hafa náð 15 ára aldri á árinu sem viðurkenning er veitt fyrir.

5. gr.

Sá íþróttamaður sem flest stig fær samanlagt úr kosningunni hlýtur sæmdarheitið; Íþróttamaður UDN, þess árs. Árangur hans verður tíundaður.

6. gr.

Íþróttamaður UDN fær afhentan til varðveislu í eitt ár farandbikar þann er UDN hefur gefið í þessu tilefni. Letrað skal á bikarinn nafn þeirra sem hann fá og ártal. Bikarinn vinnst aldrei til eignar, en þegar hann hefur verið afhentur í 10 ár skal hann tekinn úr umferð og eftir það vera geymdur í bikarasafni UDN.

7. gr.

Íþróttamaður UDN fær afhentan til eignar grip til minningar um kjör sitt eftir ákvörðun stjórnar UDN hverju sinni.

8. gr.

Þegar kjöri íþróttamanns UDN er lýst skal skýra frá nöfnum og stigafjölda 5 stigahæstu einstaklinganna og nöfnum allra annarra sem stig hljóta í kosningunni en án stigafjölda.